

Námsefnið

Í kennslustundum notum við meðal annars námsefnið AHA! sem er byggt á hugmyndafræði og rannsóknnum jákvæðrar sálfræði og er rauði þráðurinn í efninu hafður eftir orðum Jesú Krists: „Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig“. Einnig horfum við á fræðandi þætti sem kenna grunnatriði kristinnar trúar á auðskilinn hátt sem höfðar til unglinga. Við fjöllum einnig um sorg, gleði, sjálfsmýnd, þakklæti, fyrirgefningu, sköpun og umhverfisvernd. Fimm af messum vetrarins verða sérstaklega ætlaðar fermingarbörnum og fjölskyldum þeirra.

Fræðsludagar

Fermingarstarfið hefst með skemmtilegum fræðsludögum vikuna áður en skólar hefjast, eða 18.-21. ágúst. Auk fræðslustunda verður námið brotið upp með leikjum og söng. Svo fáum við góða gesti í heimsókn. Sunnudaginn 23. ágúst kl. 20 bjóðum við fermingarbörn og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin í skemmtilega messu sem markar upphaf vetrarstarfsins.

Skráning hefst kl. 12:00 föstudaginn 15. maí
www.lindakirkja.is - fermingar – skráning

Skráning

hefst kl. 12 á hádegis 15. maí
www.lindakirkja.is
- fermingar - skráning




Lindakirkja

Lindakirkja | Uppsölum 3 | 201 Kópavogur
Sími 544 4477
lindakirkja@lindakirkja.is
www.lindakirkja.is

VETURINN 2020-2021

Fermingar fræðsla



Lindakirkja

www.lindakirkja.is



Sr. Guðni Már



Sr. Dís



Sr. Guðmundur Karl

Komið þið sæl!

Með þessum bæklingi viljum við auglýsa að senn hefst skráning í fermingarfræðslu í Lindakirkju og fermingar vorið 2021. Fermingarstarfið hefur verið á öflugum nótum undanfarin ár og þannig viljum við hafa það áfram. Skráning hefst kl. 12:00 föstudaginn 15. maí www.lindakirkja.is - fermingar – skráning

*Bestu kveðjur,
Prestarnir*

Hvað erum við að gera?

Upplýst trú, gagnvirk fræðsla

Markmið okkar með fermingarfræðslunni í Lindakirkju er að veita góða kennslu um kristna trú, svo fermingarbörnin taki upplýsta og heiðarlega ákvörðun um að gera Jesú Krist að leiðtoga og fyrirmynd lífsins. Við tökum spurningum fagnandi, viljum að börnin velti hlutum upp á sínum forsendum og leitumst við að gera tilvistarspurningarnar áhugaverðar og skemmtilegar. Virðing er borin fyrir öllum skoðunum og ólíkum sjónarhornum. Talsvert verður notast við tölvutæknina í fræðslunni auk skemmtilegra verkefna af ýmsum toga.

Kennslustundir og helgistundir

Við leitumst við að virkja fermingarbörnin á ýmsum sviðum í fræðslunni, til dæmis í söng og óskum eftir að heyra um ef einhver þeirra spila á hljóðfæri. Í fræðslunni kallast á hefðbundnar kennslustundir og helgistundir, þar sem áhersla er lögð á að kenna biblíusögur, biðja og syngja. Einnig verða unnin skemmtileg hópaverkefni.

Spennandi kirkjustarf

Fermingarbörn í Lindakirkju og fjölskyldur þeirra eru ávallt velkomin í guðsþjónustu. Messað er á sunnudagskvöldum kl. 20:00. Æskulýðsfélagið Kaktus er einnig í boði en þar er mægt brallað. Auk þess er Unglingagospelkór Lindakirkju mjög öflugur og hvetjum við fermingarbörnin sérstaklega til að taka þátt í honum.

Hjálparstarf

Í fermingarfræðslu Lindakirkju tökum við þátt í söfnunarverkefni á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.

Ferðalag í Vatnaskóg

Einn af hápunktum vetrarins er sólarhrings námskeið í Vatnaskógi. Mörgum hefur þótt það meiriháttar upplifun, enda hefur staðurinn upp á svo ótalmargt að bjóða. Námskeiðsdagarnir í Vatnaskógi verða mið. 7. - fim. 8. okt.



Skráning hefst

Opnað verður fyrir skráningu í fermingarfræðslu næsta vetrar á heimasíðunni www.lindakirkja.is föstudaginn 15. maí kl. 12:00.

Fermingardagar vorið 2021

Laugard. 13. mars kl. 10:30 og 13:30

Sunnud. 14. mars kl. 13:30

Laugard. 20. mars kl. 10:30 og 13:30

Sunnud. 21. mars kl. 13:30

Laugard. 27. mars kl. 10:30 og 13:30

Sunnud. 28. mars kl. 13:30

